

Svo þykir og rétt að dæma stefnda til þess að greiða stefnendum kr. 600.00 í málskostnað.

Þá þykir og bera að taka til greina kröfu stefnenda um greiðslu kostnaðar við birtingu atriðisorða dóms þessa og hluta af forsendum hans, eftir því sem ástæða er til, samkvæmt því, sem segir í 241 gr. alm. hegningarlaganna. Þykir birtingarkostnaðurinn hæfilega ákveðinn kr. 200.00, er stefnda ber að greiða.

Stefnendur hafa krafizt þess, að stefndi verði dæmdur fyrir ósæmilegan rithátt í máli þessu, án þess þó að tilgreina nokkur ákveðin ummæli. Eftir atvikum þykir ekki ástæða til að verða við þeirri kröfu.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefndi, Gunnar Ólafsson, greiði kr. 600.00 í sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 7 daga.

Hann greiði stefnendum, Jóhönnu Magnúsdóttur og Brynjúlfi Magnússyni, kr. 600.00 í málskostnað og kr. 200.00 í birtingarkostnað dómsins í opinberu blaði eða riti í samræmi við ofanritað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. marz 1951.

Nr. 9/1951. **Sigurður Sigurðsson** (Magnús Thorlacius)
gegn

Brandi Brynjólfssyni og
Lúðvíg Eggertssyni (Enginn).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ólafur Jóhannesson í stað
hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd.
Jónatans Hallvarðssonar.

Dómi og fjárnámsgerð áfrýjað til staðfestingar.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm, og fjárnámsgerð þá, sem áfrýjað er, hefur framkvæmt Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík.

Áfrýjandi hefur með stefnu 20. janúar þ. á., og að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur í máli aðilja, uppkveðnum 14. október 1950, svo og fjárnámsgerð, er framkvæmd var 17. janúar þ. á. Krefst hann þess, að dómsathafnir þessar verði staðfestar og að stefndu verði dæmt in solidum að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu hinna stefndu hefur enginn komið fyrir dóm í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið skriflega flutt samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinum áfrýjuðu dómsathöfnunum, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Stefndu höfðu áfrýjað bæjarþingsdóminum af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hinar áfrýjuðu dómsathafnir undir Hæstarétt. Þykir því rétt að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er telst hæfilega ákveðinn kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð staðfestast.

Stefndu, Brandur Brynjólfsson og Lúðvíg Eggertsson, greiði áfrýjanda, Sigurði Sigurðssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. okt. 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. f. m., af Sigurði Sigurðssyni, Nýlendugötu 19 B hér í bæ, gegn Brandi Brynjólfssyni hdl., Bergstaðastræti 6 A, og Lúðvíg Eggertssyni, Hverfisgötu 32, báðum hér í bæ, til greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 25.000.00, útgefins 15. sept. 1950 af stefnda Lúðvíg og samþykkt af stefnda Brandi til greiðslu í Útvegsbankanum hér í bæ 22. sept. 1950, en víxill þessi var afsagður sökum greiðslufalls 25. f. m.

Hefur stefnandi krafist þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér fjárhæð víxilsins, kr. 25.000.00, með 6% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 82.35 í afsagnar- og stimpilkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa látið sækja þing, en engum andmælum hreyft gegn kröfum stefnanda, sem verða því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 1850.00.

Dómsorð:

Stefndu, Brandur Brynjólfsson og Lúðvíg Eggertsson, greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða, stefnandanum, Sigurði Sigurðssyni, kr. 25.000.00 með 6% ársvöxtum frá 22. september 1950 til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 82.35 í afsagnar- og stimpilkostnað og kr. 1850.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógataréttar Reykjavíkur 17. jan. 1951.

Ár 1951, miðvikudaginn 17. janúar, setti fulltrúi borgarfógeta, Þórhallur Pálsson, fógatarétt Reykjavíkur í húsinu nr. 32 við Hverfisgötu og hélt hann við undirritaða votta.

Fyrir var tekið:

Málið A-39/1951.

Sigurður Sigurðsson

gegn

Lúðvíg Eggertssyni.

Fógeti leggur fram sem rskj. nr. 1 beiðni um gerð þessa og nr. 2 endurrit af dómi bæjarþings Rvíkur í málinu nr. 622/1950, uppkveðins 14. okt. 1950. Dómurinn er með árituðu birtingarvottorði. Skjölín eru svohljóðandi: ≠

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Oddgeir Magnússon hdl. og krefst fjárnáms til tryggingar skuld samkvæmt rskj. nr. 2, að fjárhæð kr. 25.000.00 með 6% ársvöxtum frá 22. september 1950 til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 82.35 í afsagnar- og stimpilkostnað, kr. 1850.00 í málskostnað, kr. 40.60 fyrir endurrit og birtingu auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er ekki til staðar í réttinum, en af hans hálfu mætir kona hans, Jónína Jóhannesdóttir.

Hún kveðst ekki greiða skuldina og neitar að benda á nokkuð til fjárnáms.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krafðist fjárnáms í húseignunum 32 og 32 A við Hverfisgötu.

Fógeti lýsti fjárnámi í nefndum húseignum til tryggingar framangreindum kröfum auk alls kostnaðar. Fallið var frá virðingu.

Fógeti brýndi fyrir mætttri að tilkynna gerðarþola um fjárnámið.